

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 6, 12. janúar 1993, um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr., skv. 1. gr. reglugerðar nr. 130, 24. mars 1993, er heimilt á árinu 1993 að stunda grásleppuveiðar:

1. Fyrir Vesturlandi, í Breiðafirði og fyrir Vestfjörðum til 20. ágúst.
2. Í Húnaflóa til 1. ágúst.
3. Fyrir Norðurlandi og Austurlandi til 20. júlí.
4. Fyrir Suðurlandi til 1. ágúst.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. júní 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Við leiguaksturinn ber leyfishafa að nota fólksbifreið samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

2. gr.

Við 3. mgr. 20. gr. bætist nýr málslíður er verði svohljóðandi:

Bifreiðastöðvum er óheimilt að taka aðrar bifreiðar í afgreiðslu en fólksbifreiðar samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 23. júní 1993.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.